

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. janúar 2012 í máli nr. S-1656/2011:

Ákærvaldið

(Katrín Ólöf Einarsdóttir fulltrúi)

gegn

Bjarna Leifi Péturssyni

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 11. janúar 2012, er höfðað með ákæru, útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 1. nóvember 2011, á hendur Bjarna Leifi Péturssyni, kt. 000000-0000, Miklubraut 18, Reykjavík, fyrir eftirtalin hegningar- og vopnalagabrot:

I.

Líkamsárás, með því að hafa, þriðjudaginn 17. ágúst 2010, í íbúð að Baldursgötu 31, Reykjavík, veist að Sigurði Stefáni Almarssyni, kt. 000000-0000, með ítrekuðum höggum í höfuð og bók, sparkað í andlit hans og hrint honum svo að hann féll niður stiga, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut brot í hægri kinnbeinsboga, skurði á hægri augabrún, bólgu og eymsli á hægri gagnauga og skurð á efri vör vinstra megin.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

II.

Nytjastuld og þjófnað, með því að hafa, laugardaginn 4. september 2010, á bifreiðastæði við Brúarflöt 3, Garðabæ, tekið bifreiðina MEDELA (fast númer OF-Y73) heimildarlaust til eigin nota, ekið henni að embætti Sýslumannsins í Reykjavík að Skógarhlíð 6 í Reykjavík, þar sem hann lagði henni í bifreiðastæði, en bifreiðin fannst þar þremur dögum síðar, auk þess að stela sólgleraugum að verðmæti um 120.000 kr. og Ipod að óþekktu verðmæti úr bifreiðinni.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 259. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Fjársvik, með því að hafa, laugardaginn 23. október 2010, blekkt starfsfólk í staðgreiðsluviðskiptum, með framvísun á greiðslukorti Gísla Hrafns Atlasonar, kt. 000000-0000, í verslun Krónunnar við Fiskislóð, Reykjavík, og með því svikið út matvörur og sígarettukarton að fjárhæð 14.632 krónur.

Telst brot þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Vopnalagabrot, með því að hafa, fimmtudaginn 10. mars 2011, á veitingastaðnum Monte Carlo við Laugaveg 34a, Reykjavík, borið vasahníf með um 6 cm löngu blaði á almannafæri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er krafist upptöku á hnífi, sem haldlagður var við brot í ákærulið IV., sbr. 1. og 3. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Af hálfu Sigurðar Stefáns Almarssonar, kt. 000000-0000, er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta, samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 800.000 krónur og lögmannsbóknunar að fjárhæð 232.175 krónur, samtals að fjárhæð 1.032.175 krónur, auk vaxta skv. 8. gr. um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 17. ágúst 2010, en síðan dráttarvaxta skv. 6. gr., sbr. 5. gr., sömu laga, að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Áskilinn er réttur til að krefja um bætur vegna útlagðs sjúkrakostnaðar og frekari bóknunar lögmanns komi til aðalmeðferðar.

Verjandi ákærða gerir þær kröfur að ákærði verði sýknaður af 1., 2. og 3. ákærulið, en til vara að ákærða verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá er krafist frávísunar bótakröfu, en til vara er krafist lækkunar bótakröfu. Loks krefst verjandi málsvarnarlauna sér til handa.

Ákæruliður I

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá þriðjudeginum 17. ágúst 2010, barst tilkynning klukkan 20:35 um að sést hefði til blóðugs manns á gangi upp Baldursgötu að Skólavörðustíg. Á Skólavörðustíg óku lögreglumenn fram á Sigurð Stefán Almarsson. Hann reyndist vera með áverka í andliti, blóðugur í munni, bólgin og virtist sem nokkrar tennur hefðu brotnað. Kemur fram að Sigurður hafi verið mjög ölvaður og erfitt að skilja hann af þeim sökum. Þó hafi komið fram hjá honum að ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, væri valdur að áverkunum. Hefði ákærði slegið hann með kúbeini í andlitið, hrint honum og sparkað í andlit hans og líkama. Sigurður kvað þetta hafa gerst í íbúð að Baldursgötu 31 og var ákærði í kjölfarið handtekinn í íbúðinni, en auk hans var þar stödd Berglind Guðmundsdóttir. Ákærði var blóðugur á höndum og var blóð á buxum hans og treyju. Hann neitaði að vera valdur að áverkum Sigurðar. Skýrslu lögreglu fylgja ljósmyndir, sem teknar voru á vettvangi, þar sem sést að blóðdropar voru á svölum íbúðarinnar og í stigagangi. Þá var blóð á dyrakarmi á milli eldhúss og stofu og merki um blóð, sem hafði verið þrifið, á gólfi stofunnar. Einnig mátti sjá blóð í blómabeði utan við húsið.

Samkvæmt vottorði Jóns H. H. Sen, sérfræðings í skurðlækningum, á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss, dagsettu 2. nóvember 2010, var Sigurður Stefán Almarsson fluttur á slysideild hinn 17. ágúst 2010, eftir að hafa að sögn orðið fyrir líkamsárás. Reyndist hann vera með brot á hægri kinnbeini og bólgu yfir höfði á gagnauga hægri megin, tvo grunna skurði í hægri augabrún og grunnan skurð í efri vör vinstra megin. Kemur fram að ástand tanna hafi ekki verið gott, en engar lausar tennur fundust.

Við aðalmeðferð málsins kvaðst ákærði hafa komið í íbúðina við Baldursgötu ásamt konu Sigurðar, Berglindi Guðmundsdóttur, en hún hefði boðið honum heim með sér. Hefði Sigurður slegið Berglindi í viðurvist hans. Ákærði kvaðst þá hafa sagt við Sigurð að ef hann gerði þetta aftur myndi hann fleygja honum út. Sigurður hefði slegið konuna öðru höggi og hefði hann þá látið verða af hótun sinni. Kvaðst hann aðeins hafa verið að grípa inn í slagsmál með þessu. Ákærði kvaðst hafa tekið Sigurð þar sem þeir voru staddir í stofunni, dregið hann niður stiga, opnað dyrnar og fleygt honum út. Hann kannaðist ekki við að áverkar hefðu verið á Sigurði eftir þetta, en honum hefði þó blætt og hefði verið blóð í fötum hans. Aðspurður neitaði hann að hafa slegið og sparkað í Sigurð. Hann kvaðst ekki telja áverka Sigurðar, sem lýst er í ákæru, vera af sínum völdum.

Sigurður Stefán Almarsson kvaðst hafa verið heima hjá Berglindi, þegar hún hefði komið heim í fylgd með ákærða. Þau hefðu haft blóm meðferðis, sem þau hefðu ætlað að gefa honum og hefði komið til orðaskipta í því sambandi. Kvað hann ákærða síðan hafa sparkað fyrirvaralaust í andlit sitt. Ákærði hefði sparkað margoft í höfuð hans, tekið í hár hans og skellt andliti hans í gólfið. Kvaðst vitnið hafa kinnbeinsbrotnað við þetta. Berglind hefði skorist í leikinn og stöðvað atlöguna. Hann hefði farið út eftir þetta og hefði hann gengið sjálfur niður stigann. Hann hefði farið heim til sín, í næsta hús, sótt þar handklæði og vafið því um höfuð sér, en síðan farið að kaupa sígarettur. Hefði lögregla haft afskipti af honum á þeirri leið.

Berglind Guðmundsdóttir kvaðst muna atvik illa, en hún hefði verið lengi við drykkju þegar þetta var. Hún kvaðst þó muna að ákærði hefði hlaupið að

Sigurði og sparkað í höfuð hans. Ástæða þessa hefði verið drykkjuþras á milli þeirra út af blómum, sem þau ákærði hefðu komið með í íbúðina. Hún kvaðst ekki minnst þess að ákærði hefði slegið Sigurð eða hrint honum svo að hann féll niður stiga.

Jón H.H. Sen gaf skýrslu fyrir dómnum og staðfesti læknisvottorð sitt. Fram kom hjá vitninu að við myndatöku af andlitsbeinum Sigurðar hefði komið í ljós brot í hægri kinnbeinsboga og hefði verið um nýtt brot að ræða.

Lögreglumennirnir Ingólfur Már Ingólfsson, Svava Snæberg Hrafnkelsdóttir og Hrafn Grétarsson, sem komu á vettvangi í umrætt sinn, komu fyrir dómnum sem vitni. Ingólfur og Hrafn lýstu aðkomunni og kom fram að talsvert blóð hefði verið á vettvangi, í íbúðinni og stigaganginum. Ingólfur sagði þetta hafa verið ferskt blóð, sem aðeins hefði verið byrjað að storkna. Svava kvaðst hafa fylgt Sigurði á slysadeild og hefði hann verið æstur og illviðráðanlegur. Hún sagði að komið hefði til tals að kúbein hefði verið notað við atlöguna, en slíkt verkfæri hefði ekki fundist á vettvangi.

Niðurstæða

Ákærði neitar sök, en játar þó að hafa dregið Sigurð Stefán Almarsson út úr íbúðinni, niður stiga að útidyrum, lyft honum þar upp og varpað honum á dyr. Þá kannast ákærði við að Sigurði hafi blætt þegar þetta átti sér stað. Vitnunum Sigurði Stefáni Almarssyni og Berglindi Guðmundsdóttur ber saman um að ákærði hafi einnig sparkað í andlit eða höfuð Sigurðar. Fyrir liggur að Sigurður bar nokkra áverka eftir þetta og voru ummerki í íbúðinni til marks um að þar hefði komið til átaka. Með vísan til framangreinds er að mati dómsins fram komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi veist að Sigurði Stefáni, sparkað í andlit hans og dregið hann, eða hrint svo að hann féll niður stiga, með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir og lýst er í læknisvottorði. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og varðar brot hans við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður II

Laugardaginn 4. september 2010 mætti Brynjólfur Sveinn Ívarsson á lögreglustöð og lagði fram kæru vegna nýttjastuldar bifreiðarinnar OF-Y73 af Toyota Medela gerð, sem einkahlutafélagið Amus var skráður eigandi að. Brynjólfur kvað bifreiðina hafa horfið frá heimili sínu að Brúarflöt 3 í Garðabæ þá um nóttina og grunaði hann mann að nafni Bjarna eða Helga, sem hann hefði boðið til sín í samkvæmi, um að hafa tekið hana. Bifreiðin fannst þremur dögum síðar á bifreiðastæði við Skógarhlíð, en skipt hafði verið um skráningarplötur á henni. Var bifreiðin afhent föður Brynjólfs, Ívari Magnússyni, sem kvað ýmsa muni hafa horfið úr henni, nánar tiltekið sólgleraugu og Ipod. Fljótlega beindist grunur að ákærða um að hafa tekið bifreiðina ófrjálsri hendi. Við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni frá heimili kæranda þangað sem hún fannst síðar og vísaði á kveikjulaslykil, sem var falinn undir steini þar skammt frá.

Við aðalmeðferð málsins kvaðst ákærði hafa verið í samkvæmi í framangreindu húsi ásamt Helgu Báru Tryggvadóttur. Hefði húsráðandi boðið þeim heim með sér og boðist til að aka þeim heim um morguninn. Hann hefði hins vegar ekki vaknað þegar þau hugðust fara heim og kvaðst ákærði því hafa tekið bifreiðina og ekið henni þangað sem hún fannst síðar. Hefði maðurinn áður haft á orði að hann mætti aka bifreiðinni ef hann vaknaði ekki um morguninn. Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa stolið sólgleraugum og Ipod úr bifreiðinni.

Brynjólfur Sveinn Ívarsson kvaðst hafa verið að skemmta sér „svólítið mikið“ nóttina sem um ræðir. Hefði hann verið í miðbæ Reykjavíkur og hitt þar karl og konu, sem hann hefði boðið að gista í bílskúrnum á heimili sínu. Vitnið kvaðst vera myndlistarmaður og hefði hann ætlað að teikna fólkið. Hann hefði síðan lagst til svefns þegar heim kom og hefðu lyklar að bifreið móður hans þá legið á borði í herbergi hans. Hefði bifreiðin verið horfin þegar hann vaknaði morguninn eftir. Vitnið sagðist hafa neytt áfengis þetta kvöld og hefði ástand hans ekki verið gott. Hann kvaðst þó efast um að hann hefði lánað fólkinu bifreiðina, ef þau hefðu beðið hann um það. Þá kvaðst hann ekki muna til þess að einhverja muni hefði vantað í bifreiðina þegar hún fannst aftur.

Helga Bára Tryggvadóttir gaf skýrslu fyrir dóminum, en hún kvaðst ekki muna eftir atvikinu sem um ræðir.

Ívar Magnússon kom fyrir dóminn sem vitni, en bifreiðin sem um ræðir var skráð á fyrirtæki í hans eigu. Vitnið kvað einhverjum munum, sem hefðu verið í eigu dóttur hans, hafa verið stolið úr bifreiðinni. Ekki mundi vitnið hvaða munir það voru, en vísaði um nánari tilgreiningu til skýrslu sinnar hjá lögreglu.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök. Kveðst hann hafa fengið bifreiðina lánaða til að komast heim um morguninn, enda hefði verið afráðið að gestgjafi þeirra Helgu Báru myndi aka þeim heim. Hann neitar alfarið að hafa stolið munum úr bifreiðinni. Að mati dómsins er framburður ákærða um að Brynjólfur Sveinn Ívarsson hafi heimilað honum notkun bifreiðarinnar ótrúverðugur, enda hefur Brynjólfur vísað þeirri skýringu á bug. Í því sambandi er til þess að líta að ákærði hlutaðist ekki til um að skila bifreiðinni, en hún fannst nokkrum dögum síðar við eftirgrennslan lögreglu. Með hliðsjón af framansögðu er það mat dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi tekið bifreiðina ófrjálsri hendi og ekið henni heimildarlaust eins og rakið er í ákæru. Verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem að framan er rakið neitar ákærði að hafa tekið sólgleraugu og Ipod úr bifreiðinni. Í málinu er engum gögnum til að dreifa um þessa muni og var ekki tekin skýrsla af stúlku sem sögð er eigandi þeirra. Þykir ósannað að ákærði hafi stolið umræddum munum úr bifreiðinni eins og honum er gefið að sök og verður hann sýknaður af ákæru að því leyti.

Ákæruliður III

Laugardaginn 23. október 2010 var lögregla kölluð að verslun Krónunnar við Fiskislóð í Reykjavík, en tilkynnt var um að viðskiptavinur hefði notað stolið greiðslukort við kaup á vörum. Reyndist um að ræða ákærða, sem hafði framvísað greiðslukorti í eigu Gísla Hrafn Atlasonar til að greiða fyrir matvöru og sígarettukarton.

Við aðalmeðferð málsins kvaðst ákærði hafa fengið greiðslukortið afhent frá manni, sem hefði heimilað honum notkun þess. Ekki kvaðst ákærði muna hver þessi maður væri og ekki heldur vita hvort hann væri eigandi greiðslukortsins. Aðspurður kvaðst hann kannast lítillaga við Gísla Hrafn Atlason. Nánar aðspurður sagði hann rétt vera sem komið hefði fram hjá honum við skýrslutöku hjá lögreglu að hann hefði fundið greiðslukortið utan við veitingastað í miðborginni.

Gísli Hrafn Atlason kvaðst hafa tapað veski með greiðslukorti sínu á skemmtistað og taldi hann að því hefði verið stolið. Daginn eftir hefði verið hringt til hans úr verslun Krónunnar og honum sagt að starfsfólk þar væri með kortið. Hann kvaðst ekki þekkja ákærða og hefði hann ekki veitt honum heimild til að nota kortið. Hann kvað 12 til 14.000 krónur hafa verið teknar út af kortinu, en sú fjárhæð hefði síðar verið bakfærð af greiðslukortafyrirtækinu.

Vitnin Einar Helgi Ármann og Karin Rós Símonardóttir, sem afgreiddu ákærða í verslun Krónunnar í umrætt sinn, komu fyrir dóminn sem vitni. Þau kváðust hafa séð að ljósmynd á greiðslukortinu var ekki af ákærða og hefði lögreglu verið gert viðvart. Kvað Karin kortinu hafa verið rennt í gegn áður en þetta uppgötvaðist. Einar kvaðst hafa hringt í eiganda greiðslukortsins og hefði hann ekki kannast við að verið væri að versla fyrir hann, en ákærði hefði komið með þá skýringu á staðnum.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök. Kvaðst ákærði fyrir dóminum hafa haft heimild til að nota greiðslukortið, en síðar að hann hefði notað kortið eftir að hafa fundið það í miðborginni. Eigandi greiðslukortsins kvaðst hafa glatað kortinu og hefur hann alfarið hafnað því að ákærði hafi haft heimild til notkunar þess. Er framburður ákærða að þessu leyti reikull og ótrúverðugur og verður honum hafnað. Ákærði notaði greiðslukort til að svíkja út vörur í matvöruverslun, svo sem í ákæru greinir. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og varðar brot hans við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður IV

Ákærði hefur skýlaust játað brot sitt samkvæmt IV. ákærulið. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Viðurlög, skaðabætur og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur árið 1958. Hann á sér langan sakaferil, allt aftur til ársins 1975. Hefur hann hlotið 44 refsidóma, aðallega fyrir hegningarlaga brot. Ákærði hefur hlotið dóma fyrir á þriðja tug auðgunarbrot, þ.m.t. vegna þriggja ránsbrota. Þá hefur hann hlotið fjóra refsidóma fyrir líkamsárásir. Árið 2006 var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir þjófnaðarbrot og gekkst síðar undir lögreglustjórásátt vegna fikniefnalagabrots. Síðast var ákærði dæmdur í héraðsdómi í Kaupmannahöfn 10. desember 2007 í tveggja ára fangelsi fyrir tilraun til ráns, nauðungarbrot, hótun og vopnalagabrot. Hinn 3. janúar 2009 var ákærða veitt reynslulausn í 2 ár á 240 daga eftirstöðvum refsingar samkvæmt síðastnefndum dómi. Með þeim brotum sem ákærði er nú sakfelldur fyrir rauf hann skilorð reynslulausnarinnar. Ber að taka reynslulausnina upp og dæma með í þessu máli, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, og 60. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar ákærða verður jafnframt litið til 72. gr., 77. gr., 255. gr. og 1. mgr. 218. gr. b., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Af hálfu Sigurðar Stefáns Almarssonar er krafist miskabóta að fjárhæð 800.000 krónur auk málskostnaðar. Brotþoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 300.000 krónur ásamt vöxtum sem í dómsorði greinir. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða 175.000 krónur í málskostnað, vegna lögmannaðstoðar við að halda bótakröfunni fram, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði verður dæmdur til að sæta upptöku á hníf, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, samkvæmt lagaákvæðum sem í ákæru greinir.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., 213.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 30.599 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Katrín Ólöf Einarsdóttir, fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði Sigurði Stefáni Almarssyni 300.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 17. ágúst 2010 til 21. desember 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og 175.000 krónur í málskostnað.

Upptækur er gerður hnífur, sem lögregla lagði hald á.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., 213.000 krónur, og 30.599 krónur í annan sakarkostnað.

Ragnheiður Harðardóttir